

Starfsáætlun leikskólans Vesturkots

2015 – 2016



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðsluviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
1. Inngangur	5
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	7
2.1 Matsáætlun	7
2.2 Innra mat leikskólans.....	7
2.3 Húsnæði og lóð.....	8
2.4 Ytra mat.....	8
2.5 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	9
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	11
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	11
4. Starfsmannamál	14
4.1 Starfsmannahópurinn 1. maí.....	14
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	15
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	15
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum Vesturkoti 2015 – 2016	16
5. Aðrar upplýsingar	17
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	17
5.2 Foreldrasamvinna.....	17
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	18
5.4 Almennar upplýsingar	18
5.5 Áætlanir	18
Fylgirit.....	19
• Matsgögn.....	19
• Leikskóladagatal	19
• Umsögn foreldraráðs.....	19
• Annað	19

1. Inngangur

Hér gefur að líta starfsáætlun leikskólans Vesturkots fyrir skólaárið 2015 – 2016. Skólaárið 2014 – 2015 einkenndist fyrst og fremst af því að starfsmenn tileinkuðu sér að vinna í samræmi við nýútkomna skólanámskrá sem gefin var út á tuttugu ára afmælisdegi Vesturkots þann 14. apríl 2014. Mikil vinna lá að baki námskrárgerðar þar sem rík áhersla var lögð á að allir starfsmenn ættu þátt í vinnslu hennar og bæði skipulagsdagar og starfsmannafundir voru að mestu helgaðir henni. En á liðnu starfsári beið það verkefni af vinna samkvæmt námskránni og var það mikil áskorun að skipuleggja starfið í samræmi við hana.

Niðurstöður starfsmannasamtala leiddi í ljós að starfsmenn kölluðu eftir að hópastarfið væri betur skipulagt og samræmi væri á milli deilda hvaða verkefnum væri unnið að hverju sinni. Brugðið var á það ráð að skipuleggja hópastarfið fram í tímann og var það í höndum deildarstjóra að setja niður þá áhersluþætti sem taka átti fyrir í hópastarfi vetrarins. Námskráin var höfð til hliðsjónar ásamt skóladagatali og þeim þeimum sem unnið er eftir. Hópastarfið var skipulagt með aldur barnanna í huga þannig að komið væri á móts við hvar þau eru stödd í þroska. Með því að skipuleggja hópastarfið fram í tímann varð meira samræmi í þeim verkefnum sem nemendur skólans fást við burtséð frá því á hvaða deild þeir stunda nám auk þess sem stuðlað var að fjölbreytni í verkefnavali. Þessi leið gafst mjög vel og notast verður við þessi vinnubrögð á komandi starfsári.

Áhersla var lögð á að fylgja eftir þeim verkefnum sem unnið hefur verið með í skólanum. Má þar nefna SMT, Grænfánann og Stig af stigi. Vel hefur gengið að innleiða SMT við skólann og hafa nýir starfsmenn verið fljótir að tileinka sér þetta kerfi. Mikil áhersla var lögð á skráningar en með því móti var auðveldara að kortleggja þau börn sem erfiðara áttu með að fylgja reglunum og starfsmönnum gafst um leið tækifæri til að leita eftir því hvort ákveðnar aðstæður reynast börnunum erfiðari en aðrar. Í nýgerðri SET-könnun þar sem metið var hvernig SMT er notað í starfi mældist árangurinn 100% og er það annað árið í röð sem sú niðurstaða fæst. Það er mikil hvatning fyrir starfsmenn að fá þessar frábæru niðurstöður. Í haust verður Vesturkot sjálfstæður SMT skóli.

Grænfáninn var afhentur vorið 2014 og umhverfisnefnd hefur verið starfandi í vetur með það fyrst og fremst að leiðarljósi að viðhalda því starfi sem byggt hefur verið upp varðandi umhverfismenntun barna. Gátlisti var fylltur út til að meta hvar skólinn stendur nú og í kjölfarið var gerð umbótaáætlun um hvernig hægt er að huga enn betur að umhverfinu. Stefnt verður að endurnýjun fánans vorið 2016. Umhverfisnefndin velur þema sem unnið verður eftir í tengslum við umhverfisvernd og áætlun verður gerð í framhaldi að því hvernig það þema verður útfært í leikskólastarfinu.

Þá var einnig innleitt verkefnið Vinátta sem er á vegum Barnaheilla og hefur í vetur verið til reynslu í sex íslenskum leikskólum. Vesturkot var einn af þeim skólum sem varð fyrir valinu en hinir leikskólarnir eru í Garðabæ, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Borgarnesi. Vináttuverkefnið er þýtt og staðfært frá Danmörku og hefur efnið þar notið mikilla vinsælda en það gengur út á fræðslu um mikilvægi vináttu sem virkar sem forvörn gegn einelti. Hver og einn leikskóli skipaði tengilið sem mætti á mánaðarlega fundi í húsnæði Barnaheilla og var þar upplýsingum um innleiðingu verkefnisins miðlað. Unnið var með Vináttuverkefnið með 3ja og 4 ára börnum einu sinni í viku og

gekk innleiðingin mjög vel. Áfram verður unnið með Vináttuverkefnið næsta vetur þar sem starfsmenn eru ánægðir með hvernig til tókst og vel gekk að aðlaga það að öðru starfi skólans.

Í vetur var leikskólakennaranemi við skólann sem tók fyrir útikennslu í verkefnavali sínu. Neminn útbjó námsefni sem hentar vel til útikennslu og hafa starfsmenn verið hvattir til að nýta sér þetta efni í vikulegum vettvangsferðum hvers hóps. Stefnt er að því að efla útikennslu enn frekar við skólann og fylgja eftir að unnið verði með þetta námsefni á markvissan hátt og kallað hefur verið eftir hugmyndum frá öllum starfsmönnum hvernig best er að stuðla að aukinni í fjölbreytni þegar kemur að útikennslu. Einnig er í skoðun að útbúa sérstaka útikennslustofu norðanmegin við skólann sem mun nýtast enn betur til kennslu úti við.

Unnið var að eflingu læsis í Vesturkoti í samræmi við stefnumótun bæjarins í þeim eignum. Skipulagsdagar voru nýttir til fræðslu um læsi og má þar nefna sameiginlegan skipulagsdag með leikskólanum Álfasteini í janúar og sameiginlegan skipulagsdag allra leik- og grunnskóla bæjarins í febrúar. Farið var á markvissan hátt yfir það málörvunarefni sem fyrir er í skólanum og það gert aðgengilegra til að auka líkurnar á því að það væri notað af öllum starfsmönnum. Hugað var að því að nýta mannauð þeirra starfsmanna sem eru í skólanum og tóku reynslumeiri starfsmenn þátt í að miðla af sinni reynslu varðandi læsi á skipulagsdeginum í janúar. Ritmál var gert sýnilegra börnunum og átti það einnig við þau allra yngstu. Þá voru sérstakar stundir skipulagðar með elstu börnum skólans þar sem rík áhersla var lögð á stafainnlögn.

Þá var unnið að því að innleiða notkun á spjalddölvum í leikskólastarfi. Námskeið var haldið á skipulagsdegi um notkun spjalddölva. Skipað var teymi sem hafði það hlutverk að útbúa reglur varðandi notkun spjalddölva og meðferð á þeim. Þeir starfsmenn hafa sótt námskeið og námsstefnur til að viðá sér upplýsingum um ákjósanleg forrit til að notast við í starfinu. Starfsmenn hafa smám saman tileinkað sér notkun þeirra og notast er við spjalddölvur í sérkennslu og stuðningi.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Matsáætlun

Unnið er með ECERS kvarðann til að meta leikskólastarfið. Þeir þættir sem metnir eru samkvæmt kvarðanum skiptast í sex flokka. Á skólaárinu 2015 – 2016 er áætlað að meta þættina leikur og viðfangsefni annars vegar og samskipti og skipulag hins vegar. Þessir þættir skiptast í undirþætti þar sem nánar er skilgreint hvaða kröfur þarf að uppfylla. Allir starfsmenn skólans taka þátt í þessu mati og gefa hverjum undirþætti einkunn, allt frá einu stigi upp í sjö út frá þeim viðmiðum sem notuð eru. Tveir þættir eru metnir á hverju skólaári og því er hver þáttur metinn á þriggja ára fresti. Áætlað var að meta þessa tvo þætti á síðasta skólaári en ekki varð að því og því verða þeir teknir fyrir á þessu skólaári í staðinn.

Auk þess að styðjast við ECERS kvarðann eru hinir ýmsu þættir leikskólastarfsins metnir reglulega yfir skólaárið. Það eru: samskipti milli starfsmanna, dagskipulag leikskólans, samskipti við börn og foreldra þeirra, viðhorf starfsmanna til eigin starfs, mat starfsmanna á eigin starfi og hugmyndir starfsmanna um framþróun í leikskólastarfi. Þessir þættir eru metnir í árlegum starfsmannasamtölum en þá fær hver og einn starfsmaður ítarlegan gátlista með spurningum sem hann svarar. Á listanum koma fram fjölmörg atriði er varða innra starf skólans og hafa starfsmenn þar tækifæri til að koma sínu mati á framfæri og ræða sérstaklega í samtalinu. Auk þess eru sömu atriði metin á deildarfundum, deildarstjórafundum, skipulagsdögum og á starfsmannafundum.

Á starfsárinu 2014 – 2015 fór fram starfsmannakönnun á vegum Hafnarfjarðarbæjar og hafa niðurstöður könnunarinnar verið teknar saman í leikskólanum. Umbótaáætlun hefur verið gerð þar sem tekið var mið af niðurstöður könnunarinnar, starfsmannasamtölum, fundargerðum deilda, stjórnenda, starfsmannafunda og skipulagsdaga auk niðurstaðna úr sértækum verkefnum sem unnið hefur verið við í skólanum.

2.2 Innra mat leikskólans

Síðastliðin ár hafa verið teknir fyrir tveir þættir í ECERS kvarðanum. Allir starfsmenn taka þátt í matinu og er þeim skipt upp eftir því hvaða deild þeir tilheyra. Þannig geta starfsmenn hvorrar deildar staðfært matið út frá því hvernig það kemur þeim fyrir sjónir. Í árlegum starfsmannasamtölum fylla starfsmenn út gátlista og eru þeir beðnir um að meta hvernig þessir þættir ganga fyrir sig. Þannig koma starfsmenn undirbúnir fyrir samtalið og samtalið verður markvisst. Allar þessar niðurstöður eru teknar saman af stjórnendum. Skoðað er hvaða þætti starfsmenn eru ánægðir og öryggir með og hvaða þætti er mögulega ríkjandi óvissa og óánægja með. Út frá þessum upplýsingum er útbúin umbótaáætlun til að koma á móts við það sem betur má fara. Eins og fram hefur komið voru að þessu sinni ekki metnir þættir út frá ECERS kvarðanum en þeir þættir sem áætlað var að meta á starfsárinu verða metnir á komandi starfsári.

Í starfsmannasamtölum sem fram fóru í mars- og aprílmánuði síðastliðnum komu margir gagnlegir punktar fram. Starfsmenn sögðust almennt séð líða mjög vel í starfi og góður starfsandi er ríkjandi á vinnustaðnum að þeirra mati. Starfsmenn nefndu að mikilvægt væri að koma til móts við öll börn,

burtséð frá hvar þau eru stödd í þroska og ekki síst þau börn sem eiga ekki við erfiðleika að etja. Þá nefndu starfsmenn að þeir vildu fá aukna fræðslu um hópastarf svo þeir verði færari í að skipuleggja hópastarf og fá nýjar hugmyndir. Starfsmenn tóku mjög vel skipulagningu hópastarfs sem deildarstjórar gerðu á síðasta skólaári en þeir kölluðu sjálfir eftir aukinni þekkingu á því. Starfsmenn nefndu að passa þyrfti að ekki myndist biðtími í dagskipulagi skólans. Þá nefndu starfsmenn stundirnar eftir nónhressingu þegar lestur og samvera fer fram en sá tími reynist stundum börnunum erfiður og huga þarf að því hvernig megi gera þær stundir ánægjulegri fyrir alla aðila. Starfsmenn kölluðu eftir aukinni aðstoð og fleiri úrræða fyrir tvítyngd/margtyngd börn og meiri skráning þyrfti að eiga sér stað varðandi framfarir barnanna.

Útikennslu má efla enn frekar að mati starfsmanna og nota svæðið í nágrenni skólans betur auk þess sem yngri börnin mættu fara oftari í vettvangsferðir. Einnig var minnst á að skipuleggja mætti enn betur hreyfistundir í salnum og gera það áður en hreyfistundir hefjast og útbúa jafnvel handhæga bók með hreyfileikjum og hugmyndum af hreyfingu sem hægt er að grípa í. Efla þarf þekkingu starfsmanna á mikilvægi leiksins að þeirra eigin mati og virkja þá til þátttöku í leik. Það á bæði við innandyra og á útisvæði. Nokkrir starfsmenn nefndu að álag gæti skapast þegar starfsmann vantar á deildina og hvíldina upplifa nokkrir á eldri deildum sem álagstíma. Starfsmenn kölluðu eftir því að fá oftari hrós þegar vel er gert, bæði frá deildarstjórum og öðru starfsfólki. Þeim fannst einnig mikilvægt að gert sé vel við þá starfsmenn sem mæta vel til vinnu. Minnst var á nauðsyn þess að hafa starfsmannafundi á breytilegum dögum og bæta þarf vinnuaðstöðu skólans verulega.

2.3 Húsnæði og lóð

Árlega er lagt mat á húsnæði og lóð skólans. Svanlaugur Sveinsson umsjónarmaður fasteigna hjá Hafnarfjarðarbæ leggur mat á húsnæði skólans og metur í samráði við stjórnendur hvaða umbætur og viðhald þarf að gera á húsnæði. Aðalskoðun á útileiksvæði er gerð árlega og er framkvæmd samkvæmt reglugerð 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Í síðustu úttektum hefur komið fram að þörf er á endurbótum á leiksvæði. Útbúinn var aðgerðarlisti og vonir eru um að ráðist verði í úrbætur sem fyrst. Viðhald á útisvæði er mjög ábótavant.

2.4 Ytra mat

Ytra mat á leikskólastarfi fer fram á vegum Hafnarfjarðarbæjar með þeim hætti að annað hvert ár að jafnaði er framkvæmd starfsmannakönnun og hitt árið á móti fer fram viðhorfskönnun foreldra leikskólabarna. Niðurstöður þessara kannanna eru teknar saman og kynntar fyrir starfsmönnum og það sem betur má fara er sett í umbótaáætlun skólans. Í árlegum foreldrasamtölum eru foreldrar sérstaklega beðnir um að greina frá hvað þeir eru ánægðir með í leikskólastarfinu og hvað má betur fara. Þessir þættir eru einnig teknir saman og eru hluti af mati á leikskólastarfinu.

Starfsmannakönnun var gerð á vegum bæjarins í marsmánuði síðastliðnum. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að starfsmenn leikskólans hafa að meðaltali almennt séð jákvæðara viðhorf til skólans en starfsmenn í öðrum leikskólum. Átti það meðal annars við um starfsanda og starfsánægju. Þá töldu starfsmenn sig hafa fengið næg tækifæri til símenntunar. Hins vegar óskuðu þeir eftir fjölbreyttara framboði af námskeiðum og ekki væri eingöngu miðað við nýja starfsmenn þegar ákveðið er hvaða

námskeið verður boðið upp á. Einnig telja starfsmenn mikilvægt að fara í heimsóknir í aðra leikskóla sem vinna með sömu stefnu og fá innsýn í hvernig þeir ná settu marki. Nokkrir sögðust vilja mennta sig sem leikskólakennara.

Starfsmenn nefndu að bæta þurfi verulega aðstöðu fyrir sérkennslu og undirbúning við skólann og fjarvera starfsmanna veldur auknu álagi á aðra starfsmenn. Bæta þarf þrífín sem stundum eru í lágmarki. Starfsmenn minntust á þörfina á undirbúningstíma fyrir ófaglærða hópstjóra til að undirbúa hópastarfið og kallað var eftir að bærinn komi á móts við leikskólann með því að bæta inn stöðugildum fyrir þá starfsmenn sem stunda nám með vinnu. Starfsmenn töldu almennt að gott samstarf væri á milli starfsmanna og þeirra sem eru í forystu í skólanum.

Í árlegum foreldrasamtölum kom fram almenn ánægja með skólastarfið og fögnuðu foreldrar sérstaklega því hversu vel upplýsingum er komið á framfæri með aukinni notkun tölvupósts til að koma skilaboðum á framfæri. Þá minntust foreldrar sérstaklega á mikilvægi hreyfingar og útivistar í leikskólastarfi og fögnuðu þeim verkefnum sem unnið er með, svo sem SMT, Vináttuverkefninu og markvissri útikennslu.

2.5 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

1. Efla hópastarf enn frekar

Þjóða upp á fræðslu fyrir starfsmenn um hópastarf þannig að þeir fái nýjar hugmyndir um það. Sýna þeim á verklegan máta hvað hægt er að framkvæma með börnunum. Á skipulagsdegi verða settar upp fjölbreyttar stöðvar sem starfsmenn fara á milli út frá námssviðum leikskóla sem kveðið er á um í Aðalnámskrá leikskóla. Gefa hópstjórum tækifæri til að vera sjálfir hluti af hóp og upplifa á eigin skinni hvernig hópastarf getur farið fram. Á stöðvunum verður einnig boðið upp á fræðslu um námssviðin og hvernig hægt er að útfæra hópastarfið með aldur barnanna í huga. Einnig verður hugað að því að starfsmenn sæki sem fjölbreyttustu námskeið sem í boði eru til að efla skilning þeirra og þekkingu á því sem hægt er að fást við í hópastarfi. Unnið verður áfram með skipulagningu hópastarfs sem deildarstjórar gera fyrir skólaárið. Þá verður skoðað hvort hægt sé að gefa hópstjórum aukið svigrúm til að undirbúa hópastarfið þegar þörf er á.

2. Hafa enn markvissari hreyfistundir í salnum

Vikulegar hreyfistundir hafa hingað til verið skipulagðar á þann máta að eina viku er boðið upp á þrautabraut, aðra vikuna hreyfileiki og þá þriðju bolta. Hugmyndir af hreyfistundum verða settar upp og gerðar aðgengilegar öllum starfsmönnum svo þeir geti gripið í þær. Auk þess fá starfsmenn fræðslu um mikilvægi hreyfingar og hvaða verkefni hægt er að leggja fyrir í tengslum við hreyfingu.

3. Virkja starfsmenn í leik með börnum

Þjóða upp á fræðslu fyrir starfsmenn um mikilvægi leiksins og virkja þá til þátttöku í leik. Það á bæði við inni og á útisvæði.

4. Halda áfram að nota SMT með starfsmönnum

Halda áfram að hrósa starfsmönnum fyrir það sem vel er gert og á það bæði við dags daglega og

einnig með því að hafa sérstakar hrósvikur fyrir starfsmenn 2x á skólaárinu. Halda áfram að safna brosum þegar allir starfsmenn eru mættir til vinnu þar sem safnað er fyrirfram í ákveðna umbun fyrir alla starfsmenn.

5. Huga að bættri vinnuaðstöðu kennara

Margar ábendingar bárust varðandi vinnuaðstöðu kennara sem er óviðunandi þegar þeir sinna undirbúningi, sérkennslu og öðrum verkefnum og athugað verður hvaða leiðir hægt er að fara til að bæta hana.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

1. Samstarfsverkefni við RannUng um mat barna á leikskólastarfi

Markmið: Að innleiða matsaðferðir þar sem einblínt er á mat barnanna sjálfra á leikskólastarfinu.

Leiðir að markmiði: Um er að ræða þróunarverkefni í samstarfi við RannUng og í sameiningu verður leitast eftir að finna hvaða leiðir best er að fara til að innleiða matsaðferðir til að gera börnunum kleift að meta skólastarfið. Verkefnið nær til ársins 2018 og gerð verður áætlun haustið 2015 um þá vinnu sem framundan er.

Ábyrgðaraðili: Stjórnendur og deildarstjórar

Mat á verkefni: Matið fer fram reglulega yfir skólaárið í samstarfi við RannUng sem heldur utan um verkefnið.

2. Vinna eftir læsisstefnu Hafnarfjarðar

Markmið: Að efla læsi nemenda skólans

Leiðir að markmiði: Unnið verður eftir nýútkominni læsisstefnu Hafnarfjarðar þar sem stuðlað er að því að efla læsi á meðal barnanna. Auk þess verða tvisvar yfir skólaárið sérstakar læsisvikur þar sem enn frekar verður hugað að læsi og mikilvægi þess.

Ábyrgðaraðili: Stjórnendur og deildarstjórar Tenngiliðir við skólaskrifstofu Jónína Einarsdóttir og Salvör Jóhannsdóttir

Mat á verkefni: Matið fer fram reglulega yfir skólaárið þar sem metið er hvernig gengur að framfylgja læsisstefnunni og hvaða þætti þarf að huga betur að umfram aðra. Einnig verður hugað að því hverju má bæta við þá stefnu sem unnin hefur verið.

3. Innleiðing stærðfræði í námi barna

Markmið: Að efla skilning barna á stærðfræði og flétta henni í daglegt starf í skólanum

Leiðir að markmiði: Vinna með talnahugtök, afstöðuhugtök, stærðarhugtök, form og einfalda samlagningu og frádrátt svo dæmi séu tekin. Þessi hugtök verða kennd í gegnum leik, t.d. með kubba og í útikennslu auk þess sem sérstakar stærðfræðivikur verða bæði á haustönn og vorönn þar sem enn ríkari áhersla verður lögð á stærðfræði.

Ábyrgðaraðili: Stjórnendur og deildarstjórar

Mat á verkefni: Matið fer fram reglulega yfir skólaárið þar sem metið er hvernig gengur að innleiða stærðfræði í daglegt líf skólans og hvaða þætti þarf að huga betur að umfram aðra.

4. Halda áfram innleiðingu á notkun i-Pad í skólastarfi

Markmið: Að auka þekkingu barna og starfsmanna á notkun i-Pad í skólastarfi

Leiðir að markmiði: Til að koma starfsmönnum vel af stað við notkun á i-Pad í skólastarfi munu allir hópstjórar vinna svokallaða rafbók með hópnum þar sem tekið verður fyrir ákveðið þema sem unnið er eftir. Með þessari vinnu er hugsunin sú að starfsmenn tileinki

sér notkun á i-Pad á fjölbreyttan hátt í skólastarfi. Í haust verður síðan sett upp áætlun hvernig verður staðið að innleiðingu á i-pad í skólastarfi á enn markvissari hátt.

Ábyrgðaraðili: Sara Tosti og Eygló Ósk Guðjónsdóttir

Mat á verkefni: Matið fer fram reglulega yfir skólaárið þar sem metið verður hvernig gengur að innleiða verkefnið.

5. Vinna áfram með Vináttuverkefni

Markmið: Að efla forvarnir gegn einelti.

Leiðir að markmiði: Unnið verður með börn fædd 2011 og 2012 í þessu verkefni sem unnið verður í hópastarfi og í samverustundum.

Ábyrgðaraðili: Linda Hrönn Þórisdóttir, tengiliður verkefnis

Mat á verkefni: Matið fer fram reglulega yfir skólaárið í samstarfi við Barnaheill auk þess sem viðkomandi hópstjórar munu reglulega meta hvernig gengur í samstarfi við tengilið.

6. Vinna áfram með Stig af stigi

Markmið: Efla tilfinninga- og félagsþroska barna

Leiðir að markmiði: Bjóða upp á vikulegar stundir með námsefnið Stig af stigi með börnum fædd 2010.

Ábyrgðaraðili: Deildarstjórar og viðkomandi kennarar á Suðurholti og Vesturholti sem munu sjá um þessar stundir og hafa farið á námskeið um notkun þess.

Mat á verkefni: Reglulega yfir skólaárið með viðkomandi deild og stjórnunarteymi skólans.

7. Vinna áfram eftir SMT

Markmið: Samræma reglur og viðmið. Samhæfa vinnubrögð og viðbrögð við óæskilegri hegðun. Hvatning til barna að sýna æskilega hegðun.

Leiðir að markmiði: Notast við hugmyndafræði SMT, hafa reglur sýnilegar, nota skráningar, notast við brosmiða til að hrósa fyrir jákvæða hegðun

Ábyrgðaraðili: Jónína Einarsdóttir

Mat á verkefni: Metið reglulega yfir skólaárið á deildarfundum, starfsmannafundum og skipulagsdögum. Reglulegir fundir á skólaskrifstofu með tengiliðum og SET könnun.

8. Vinna áfram eftir umhverfisstefnu skólans

Markmið: Efla starfsmenn, börn og fjölskyldur þeirra enn frekar í umhverfisvænni hugsun. Leita leiða til að huga enn betur að umhverfinu

Leiðir að markmiði: Reglulegir umhverfisráðsfundir yfir skólaárið, bæði með umhverfisráði skólans og umhverfisráði barna. Meta stöðu umhverfismála og fylgja umbótaáætlun sem gerð hefur verið til að huga enn betur að umhverfismennt. Vinna eftir því þema sem valið verður í tengslum við umsókn um Grænfána á næsta ári.

Ábyrgðaraðili: Linda Hrönn Þórisdóttir

Mat á verkefni: Reglulega yfir skólaárið á mánaðarlegum fundum umhverfisráðs skólans.

9. Vinna áfram í samræmi við námskrá skólans

Markmið: Að starfsmenn vinni í samræmi við skólanámskrá Vesturkots.

Leiðir að markmiði: Fara yfir valin atriði úr skólanámskrá og handbók leikskólans reglulega á

skipulagsdögum, starfsmannafundum, deildarfundum og deildarstjórafundum. Starfsmenn spyrji sig að því hvort þeir séu að vinna í samræmi við þann sáttmála sem skólanámskráin er.

Ábyrgðaraðili: Stjórnendur skólans og deildarstjórar

Mat á verkefni: Matið fer fram reglulega yfir skólaárið á deildarfundum, deildarstjórafundum, starfsmannafundum og á skipulagsdögum.

10. Efla útikennslu enn frekar

Markmið: Börnin fái tækifæri til að njóta þess sem náttúran hefur upp á að bjóða í ríkara mæli og á markvissari hátt. Starfsmenn auki þekkingu sína á útikennslu.

Leiðir að markmiði: Nota það efni sem til er um útikennslu á markvissan hátt með börnunum. Þróa nýtt efni og hugmyndir og huga að uppbyggingu útikennslustofu við skólann. Allir hópstjórar fara með börnin í fyrirfram skipulagða útikennslu vikulega, einnig með börn á yngri deildum skólans.

Ábyrgðaraðili: Inga Þóra Ásdísardóttir

Mat á verkefni: Reglulega yfir skólaárið á deildarfundum, deildarstjórafundum, starfsmannafundum og á skipulagsdögum.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1,0	Leikskólakennari með diplóma í stjórnun. Hefur lokið sérkennslunámi í Noregi.
Aðstoðarleikskólastjóri	1	1,0 (30% stjórnun og 70% annað faglegt starf)	Leikskólakennari með MA-próf í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnun menntastofnana frá H.Í.
Sérkennslustjóri	1	0,5	1 leiðbeinandi K.Í. MS-próf í sálfræði.
Deildarstjóri	4	4,0	2 leikskólakennarar og annar þeirra með viðbótardiplóma í stjórnun menntastofnana og sjúkraliðapróf. 1 grunn- og leikskólakennari með viðbótardiplóma í stjórnun menntastofnana og meistaranemi við H.Í. 1 grunnskólakennari.
Sérkennsla	4	2,56	1 leiðbeinandi K.Í. MS-próf í sálfræði. 1 þroskþjálfari 1 leiðbeinandi Hlífar 1 leikskólakennari
Leiðbeinandi K.Í.	2	1,6188	1 með próf í einsöng og óperusöng 1 nemi í M.Ed námi í leikskólakennarafræðum
Leiðbeinandi Hlífar	12	12,17	1 nemi í leikskólakennarafræðum 1 nemi í grunnskólakennarafræðum 2 með stúdentspróf 4 leikskólaliðar 1 nemi í leikskólalabru 4 með enga framhaldsmenntun
Matráður	1	1	Lærður matráður
Aðstoðarmaður eldhúss	1	1	

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári á vorönn þar sem farið er yfir stöðu starfsmanna, líðan þeirra og ábendingum komið á framfæri. Farið er yfir hvernig starfsmönnum finnst ganga hjá sér í ákveðnum aðstæðum, hvernig stjórnendur geta komið á móts við óskir starfsmanna og hvað starfsmenn geta sjálfir gert til að bæta sig í starfi. Að lokum eru skráðar aðrar ábendingar og langanir starfsmanna varðandi starfið, kallað eftir óskum varðandi símenntun og gengið í þau mál sem við á. Nýjum starfsmönnum er fylgt eftir með samtölum og handleiðslu og önnur handleiðslusamtöl eru tekin eftir þörfum.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Grunnnámskeið SMT á vegum Skólaskrifstofu, 2 starfsmenn. Önnur fræðsla fyrir aðra starfsmenn af verkefnastjóra SMT í Vesturkoti
Námskeið um starfsánægju, starfsþróun og góða liðsheild. Sigurjón Þórðarson frá Hagvangi
Námskeið fyrir nýja starfsmenn, kynning á leikskólastarfi skipulagt af Skólaskrifstofu. 1 starfsmaður
Þrjú starfsmenn í meistaranámi við HÍ, einn í leikskólakennaranámi, einn í viðbótar B.Ed námi og einn í grunnskólakennaranámi
Þrjú starfsmenn í leikskólaliðanám í Fjölbrotarskólanum í Garðabæ
Tras- námskeið – allir deildarstjórar og sérkennslustjóri
Samráðsfundir leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra sem haldnir voru reglulega á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar
Fundur um samstarf leik- og grunnskóla í hverfinu
Námskeið fyrir trúnaðarmenn leikskólans
Námskeið fyrir alla starfsmenn um slysavarnir barna. Haldið af Herdísi Storgaard
Námskeið um notkun spjaldtölva í leikskólastarfi, allir starfsmenn.
Námskeið um notkun K-Pals í skólastarfi, allir starfsmenn
Námskeið um Vináttuverkefni á vegum Barnaheilla, 4 starfsmenn. Fræðsla til allra starfsmanna um verkefnið sem tengiliður sá um og þjálfun fyrir hópstjóra um notkun efnisins
Fræðsla um læsi í víðu samhengi fyrir alla starfsmenn á sameiginlegum skipulagsdegi með leikskólanum Álfasteini þar sem reyndir kennarar miðluðu þekkingu sinni til starfsmanna
Fræðsla á sameiginlegum skipulagsdegi leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar um læsi fyrir alla starfsmenn. Unnið í hópum eftir hádegi hvernig efla megi læsi í leikskólanum með tilliti til aldurs barnanna og þess málörvunarefnis sem er til staðar í skólanum.
Ýmis námskeið sem menntanefnd Kragans skipulagði: Málörvandi spil og leikir – 2 starfsmenn Mataróþol leikskólabarna – 1 starfsmaður Fræðsla um SMT – 3 starfsmenn

Leikskólafólk með lakkaðar neglur – 1 starfsmaður
iPad í almennu leikskólastarfi – 1 starfsmaður
Tvítýngd börn – 1 starfsmaður
Útikennsla – 1 starfsmaður

Námskeið og fundir fyrir stjórnendur varðandi ýmis verkefni og málefni sem efst voru á baugi hverju sinni á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum Vesturkoti 2015 – 2016

Símenntun fyrir alla starfsmenn

Fræðsla um hópastarf – reyndir kennarar skólans miðla til annarra starfsmanna á skipulagsdegi

Námskeið um markvissa útikennslu í nágrenni leikskólans

Fræðsla um mikilvægi leiksins í leikskólastarfi

Námskeið um skapandi starf í leikskólum

Námskeið um starfsánægju, starfsþróun og góðan starfsanda.

Námskeið um hreyfingu barna

Fræðsla um Vináttuverkefni Barnaheilla, haldið af tengiliði leikskólans

Fræðsla um SMT, haldin af verkefnastjóra

Fræðsla um umhverfismenntun

Fræðsla um mat barna á leikskólastarfi

Fræðsla um notkun iPad í skólastarfi

Fræðsla um rétta líkamsbeitingu

Símenntun fyrir minni hópa

Grunnnámskeið SMT – 2 starfsmenn

Tras – 2 – 4 starfsmenn

Námskeið fyrir öryggisverði og öryggistrúnaðarmenn leikskóla til að sinna lögboðnum starfsskyldum þeirra. Vinnueftirlitið annast framkvæmd námskeiðsins.

Námskeið fyrir trúnaðarmenn

Fjórir starfsmenn í háskólanámi. Einn í viðbótar B.Ed námi, einn í meistaranámi í stjórnun menntastofnana, einn í leikskólakennaranámi og einn í grunnskólakennaranámi.

Tveir starfsmenn í leikskólaliðanámi í Fjölbrotarskólanum í Garðabæ

Fundir um samstarf leikskóla og grunnskóla

Ýmisleg fræðsla sem starfsmenn sækja sér sjálfir

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Fjöldi barna í leikskólanum: 77 (fækkaði börnum vegna flutnings út sveitafélagi)
- Kynjahlutfall: 33 stúlkur og 44 drengir
- Dvalarstundir: 856,15
- Deildargildi: 4,46
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki: 4
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað): 2 börn með úthlutaða tíma og 5 sem nutu stuðnings vegna málþroska, hegðunar eða félagslegra frávíka.
- Fjöldi barna með ofnæmi: 1
- Fjöldi barna með fæðuóþol: 4
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku: 14
- Fjöldi tungumála: 9 (íslenska, singhala, pólska, rússneska, enska, portúgalska, cebuano, franska, litháenska,
- Þjóðerni forsjáraðila (fjöldi Pólverja, Spánverja, o.s.frv.): 1 Sri Lanka, 14 Pólverjar, 2 Lettar, 1 Bandaríkjamenn, 2 frá Suður-Afríku, 1 Íri, 1 Portúgali, 1 frá Filippseyjum, 1 Frakki, 2 frá Litháen,

5.2 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð: Tveir öflugir fulltrúar eru í foreldraráði (gekk ekki að fá þann þriðja að þessu sinni) og kosið var í ráðið á árlegum foreldrafundi 15. október 2014. Í kjölfarið hittist ráðið á fundi þar sem farið var yfir hlutverk ráðsins. Foreldrar hafa verið í sambandi sín á milli, hist á formlegum fundum og óformlega á göngum leikskólans og verið í tölvusamskiptum. Allar skýrslur sem sendar eru til fræðsluráðs og/eða skólaskrifstofu hafa verið sendar til foreldraráðs til yfirlesturs og samþykktar og ábendingar frá þeim teknar til umfjöllunar.
- Foreldrafundur: Kynningafundur með öllum nýjum foreldrum var 20. ágúst í hádegi á meðan börn voru í aðlögun. Foreldrafundur með öllum foreldrum var þann 15. október. Byrjað var á sameiginlegum fundi með öllum foreldrum í sal þar sem kynnt var það helsta sem er í gangi í skólanum. Þá var aðalfundur foreldrafélagsins, farið var yfir verkefni vetrarins og stöðu á reikningi þess og kosið í nýja stjórn. Að lokum var öllum foreldrum boðið inn á deild barnsins síns í spjall og kynningu á því starfi sem unnið er með börnum þeirra.
- Foreldrasamtöl: Öllum nýjum foreldrum var boðið upp ýtarlegt samtal með deildarstjóra í upphafi leikskólagöngunnar. Síðan var boðið upp á formleg foreldrasamtöl fyrir alla í október og nóvember. Farið var yfir stöðu barnsins, styrkleika þess og sameinast um að styrkja barnið í því sem þörf er á. Á vorönn var auglýst að þeir foreldrar sem það kusu gætu beðið um annað samtal. Ef þörf er á eru foreldrar kallaði til samtals aukalega og eins ef foreldrar óska eftir samtali.
- Foreldrafélag: Í foreldrafélaginu eru fjórir foreldrar sem ýmist buðu sig fram eða voru hvattir til þess á aðalfundi félagsins síðasta haust. Allt er þetta öflugt fólk sem hefur komið að og haldið utan um ýmsar upptakomur þetta árið. Þar má m.a nefna jólaleikrit, jólasvein og

jólagjöf. Einnig hefur félagið haldið utan um piparkökumálun á aðventu og boðið upp á ýmislegt skemmtilegt á sumarhátíð skólans.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Samráðsfundir hafa verið einu sinni á hvorri önn þar sem kennarar beggja skólastiga úr sama skólahverfi hittast, endurmeta og skipuleggja vetrarstarfið. Stefnt er að áframhaldandi samstarfi næstkomandi skólaár en að hausti ákveða stjórnendur í Vesturkoti, Álfasteini, Brekkuhvammi og Hvaleyrarskóla hvernig samstarfinu er háttað það starfsár.

Fulltrúar frá Hvaleyrarskóla og leikskólunum Álfasteini, Brekkuhvammi og Vesturkoti skipulögðu fimm heimsóknir á milli skólanna skólaárið 2014-2015.

- Á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember, komu 4. bekkingar í heimsókn í leikskólann og sungu og lásu fyrir börnin.
- Sameiginleg söngsamvera elstu barna leikskóla og 1. bekkinga grunnskóla var haldin í byrjun desember. Börnin byrjuðu á því að syngja saman, síðan fór hver leikskóli og bekkur upp á svið og sungu fyrir hina.
- Í apríl komu 1. bekkingar í heimsókn í leikskólann og voru í um klukkustund. Börnin voru með í vali og starfi inni og úti.
- Í apríl fóru elstu börn leikskólans í heimsókn í 1. bekk. Þar voru þau með 1. bekkungum og fengu að taka þátt í starfi grunnskólans.
- Leikskólunum í hverfinu stendur einnig til boða að koma í heimsókn á bókasafnið og heimilisfræðistofuna í Hvaleyrarskóla en af því varð ekki að þessu sinni.

5.4 Almennar upplýsingar

- Skipulagsdagar fyrir skólaárið 2015 – 2016 eru eftirfarandi:
28. september, 20. nóvember, 4. janúar, 24. febrúar og 17. maí. Þessir dagar eru einnig skipulagsdagar í grunnskólum bæjarins.

5.5 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
 - einelti
 - ofbeldi
 - annað
- Viðbragðsáætlun við.
 - slysum
 - áföllum
 - annað
- Öryggisáætlanir
 - Rýmingaráætlun
 - Vinnuverndaráætlun
 - Öryggishandbók

- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun

Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði, 22. júní 2015,

Leikskólastjóri